

Perform Europe umsóknarglugginn opnast!

Til sviðslistahópa og stofnana, listafólks, leikhúsa, sýningarstaða og hátíða

Ítarlegar leiðbeiningar og viðmiðanir til að sækja um Perform Europe eru á ensku á [þessari síðu](#).

Perform Europe er tilraunaverkefni sem styrkt er af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Markmið þess er bjóða listafólki að gera tilraunir til að gera sýningarferðir þvert á landamæri í Creative Europe löndum sjálfbærari og aðgengilegri. Lestu meira [hér](#).

Perform Europe umsóknaferlið verður í tveimur skrefum:

1) Í **fyrsta skrefi**, munu framleiðendur (sjálfstætt listafólk, hópar, stofnanir og aðrir sem framleiða sviðsverk) og **sýningaraðilar** (hátíðir, sýningastaðir, leikhús og aðrir sem bjóða almenningi reglulega upp á sýningar á sviðsverkum) sækja um á grundvelli hugmynda um nýja sýn og leiðir. **Frekari upplýsingar hér að neðan, opnað verður fyrir umsóknir þann 15. júní**. Umsækjendum, sem valdir eru í þessu skrefi, verður boðið að taka þátt í öðru skrefi ferlisins.

2) Í **öðru skrefi**, munu umsækjendur, framleiðendur verka og sýningaraðilar, taka þátt í sameiginlegu kynningarferli og tengslamyndun sem og mynda samstarf sín á milli, byggja upp sameiginlegar sýningaferðir/ tilboð og sækja um styrk til Perform Europe. Heildarfjármagn sem er í boði er 1,5 milljónir evra; styrktarupphæðir munu vera á bilinu 10.000 til 100.000 evrur. Skref tvö: **verður birt í lok júlí og verður aðeins fyrir þá sem valdir voru í fyrsta skrefi** (sjá nánari tímalínu fyrir Perform Europe umsóknaferlið á [vefsíðu Perform Europe](#)).

Umsóknaglugginn fyrir fyrsta skrefið verður opinn frá 15. júní til 7. júlí á vefsíðu Perform Europe. Glugginn verður aðeins opinn í þrjár vikur en þú getur byrjað að undirbúa þig í dag.

Hverjum erum við að leita að í fyrsta skrefi?

Hópum, stofnunum og sjálfstæðu listafólki sem:

- **vinnur við sviðslistir:** leiklist (þm.t. músíkleikhús) danslist, sirkus, gjörninga, samsköpunarleikhús, þátttökuleikhús og aðrar tegundir sviðslista. Athugið að óperusýningar falla ekki undir Perform Europe.
- **fyrir framleiðendur:** með þegar framleitt verk og/eða mótaða listræna hugmynd sem hægt er að sýna í öðrum löndum, , á staðnum, stafrænt eða á blandaðan hátt, frá október 2021 og til loka júní 2022;
- **fyrir sýningaraðila:** sem eru með hátíð eða rými eða annað samhengi til að sýna verk frá öðru landi á tímabilinu október 2021 til loka júní 2022;
- hafa aðsetur í einu af löndum Creative Europe * (sjá allan listann á [þessari síðu](#)) eða í Bretlandi;
- hafa sterkar hugmyndir um samvinnu þvert á landamæri, m.a. hvernig við getum deilt og jafnað skiptingu auðlinda (resources) og sett sanngirni og samstöðu á oddinn;
- eru nú þegar að nota annars konar, nýstárlegar aðferðir fyrir sýningar, ferðir og dreifingu verka
- vilja breyta aðferðum sínum og eru með hugmyndir um hvernig á að gera það, en eitthvað stendur í veginum.

Við hvetjum sérstaklega mögulega þátttakendur sem hafa minni sýnileika í sínu samhengi, til að sækja um. Við fögnum umsóknnum frá konum, listafólki sem býr í dreifbýli, listafólki af erlendum uppruna, frá þeim sem eru illa staddir félagslega eða efnahagslega, þeim sem tilheyra LGBTQIA +, eru með fötlun sem og aðrir sem skilgreinir sig sem hluta af minnihlutahópi innan sviðslistalandslagsins.

Hvað verður spurt um í þessu fyrsta skrefi sem hefst 15. júní?

- Almennar upplýsingar um listamann/hóp/ félag/stofnun þína;
- Almennar upplýsingar um þín **listrænu verk (fyrir framleiðendur)** eða þína **aðstöðu - hátíð, hús, vettvang, útirými - (fyrir sýningaaðila)**, sem þú vilt að verði hluti af í samstarfstillögu;
- Framtíðarsýn þín og hugmyndir um sjálfbærar leiðir, án aðgreiningar, til að koma verkum á framfæri við fólk og staða (400 orð);
- Hvernig listrænt starf þitt / sýningaraðstaða og samhengi, sem er hluti af umsókn þinni, fellur að þessari sýn (250 orð);
- Hvað þú vilt fá í þinn hlut með því að vera hluti af Perform Europe samstarfinu (250 orð) og hverju þú ertu tilbúin/n að deila (færni, þekkingu, peningum, sýnileika, uppbyggingu, reynslu osfrv.) (300 orð)

Athugið að beðið verður um allar þessar upplýsingar **á ensku**.

Hvernig er hægt að sækja um? Opnað verður fyrir umsóknir þann **15. júní 2021** - vinsamlegast gerstu áskrifandi af fréttabréfi okkar til að fá tilkynningu. Í millitíðinni geturðu nú þegar hafist handa með því að velta fyrir þér punktunum hér að ofan og jafnvel byrja sjá fram á annað skref umsóknarinnar.

Nánari upplýsingar um fyrsta skrefið, annað skrefið og tímalínu Perform Europe er að finna á ensku á [vefsíðu Perform Europe](#).